

Efni: Umsögn um framvarp til nýrra umferðarlaga, 179. mál.

Frá: Ásbjörn Ólafsson, verkfræðingur Goðheimum 11. Umsögnin endurspeglar einungis mínar persónulegu skoðanir.

## 2. gr. Gildissvið

Í ljósi nýrra sjálfkeyrandi bíla væri e.t.v. æskilegt að gera ráð fyrir slíku í lögnum.

## 3. gr. Skilgreiningar

12. Málsgrein. Gangbrautir geta einnig verði hellulagðar.

Ég tel æskilegt að bæta við eftirfarandi skilgreiningum.

Biðstöð: viðkomustaður almenningsvagn sem er merktur með þar til gerðu merki

Vegsýn: Sú lengd sem ökumaður sér fram á veginn.

## 9. gr. Vistgata

Í hjólreiðaáætlun Reykjavíkurborgar er orðið samrými notað um enska orðið „shared space“. Æskilegt væri að fjalla um samrými í nýjum umferðarlögum.

## 24. gr. Bann við framúrakstri

Í raun er það ekki þannig að bannað sé að taka fram úr rétt áður en komið er að vegamótum eða á þeim. Vegagerðin hefur sérstaklega skilgreint þau vegamót sem bannað er að taka fram úr og byggist sú flokkun á umferð. Á fáförnum þjóðvegum í dreifbýli er þessi regla of þröng. Einnig er óþarfi að banna framúrakstur sérstaklega á gangbrautum sem eru ljósastýrðar á 4 akreina vegum.

Talað er um skerta vegsýn vegna hæðar eða beygju á vegi. Rétt væri að bæta mannvirki eða gróður í þá upptalningu enda eru meiri líkur á að yfirborðsmerkingar taki ekki mið að nýjum mannvirkum en gróðri frekar en landslagi.

## 25. gr. Skylda til að veita öðrum forgang

Rétt væri að bæta botnlanga við í lista yfir þá staði sem þurfa að veita forgang.

Búin hafa verið til fjölmörg framhjálaup til að umferð geti farið hægra megin framhjá ökutækjum sem beygja til vinstri á vegamótum. Tala þarf um framhjálaup og gefa þeim sem nota framhjálaupið skýran rétt að koma aftur inn í umferð ef annað ökutæki er á veginum.

27. gr. Stöðvun ökutækis og lagning þess eða 28. gr. Sérstakar reglur um stöðvun eða lagningu ökutækis.

Banna þarf sérstaka lagningu ökutækis/vagna sem eru notuð í auglýsingaskini.

32. gr. Merki og merkjagjöf

Málsliður b) Óljóst er hvenær ökumaður sem ekur eftir frárein eigi að stefnumerki. Tel það óþarfa. Nóg að gera það áður en hann ekur inn á fráreinina.

35. gr. Ökuhraði almennar reglur

Æskilegt væri að bæta við að sérstök skylda hvíldi á ökumönnum að aka nægilegt hægt miðað við aðstæður:

þegar ökutæki nálgast reiðhjól

þegar umferðareftirlit er framundan

36. gr. Almennar hraðatakmarkanir

Tel æskilegt að almenna reglan sé að hafa 80 km/klst hámarkshraða á vegum með bundnu slitlagi eins og í Svíþjóð. Heimilt sé þó að hækka hámarkshraðann í 90 km/klst þegar aðstæður eru fyrir hendi, t.d. þar sem vegöxlin er breið, vegsýn góð og engar einbreiðar brýr á vegarkaflanum, og það þá gert með skiltum. Í dag er verið að leggja bundið slitlag á gamla vegi með skertum vegstaðli og 90 km/klst allt of mikill hraði fyrir slíka vegi.

Einnig mæti umorða „Hámarksökuhraði skal tilgreinum í heilum tugum“ frekar en sléttum tölum.

41. gr. Reiðhjól

Foreldrar sem ganga með börnum sínum sem hjóla þurfa að geta verið á sama stað.

44. gr. Veikindi, áfengisáhrif o.fl.

Velta má því fyrir sér hvort rafsígarettur sé ólöglegar í akstri skv. þessum lögum. Eins væri rétt að banna aðra ósiði eins og að taka í vör, nota neftóbak og að borða undir stýri.

76. gr. Öryggis- og verndarbúnaður óvarinna vegfarenda („mjúkra“)

Það er vont að ætla að gera alla hjólreiðamenn undir 15 ára glæpamenn fyrir að nota ekki hjálm. Það grefur undan virðingu fyrir lögunum og auglýsir hjólreiðar sem hættulega athöfn sem þær eru ekki.

85. gr. Umferðarmerki o.fl.

Mætti bæta yfirborðsmerkingum við í upptalningu.

87. gr. Auglýsingaskilti við veg.

Bæta mætti við bílum og skiltavögnum í upptalningu. Þessu hefur lögreglan illa sinnt og því spurning hvort þetta væri eitthvað sem Vegagerðin ætti að sjá um.

Með vinsemd og virðingu

Ásbjörn Ólafsson,